

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skaptafellsýslu um styrk til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi — Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar í Skaptafellsýslu og tillögum yðar, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 3. þ. m., vil jeg hjermeð af því fje, sem í 12. gr. C. a. hinna nógildandi fjárlaga er veitt er gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi og á Faxaflóa, veita til gufubátsferða í Sunnlendingafjórðungi milli Reykjavíkur og Víkur í Mýrdal á komanda sumri 750 krónur til móts við 250 krónur úr sýslusjóði Vestur-skaptafellsýslu; þó er þessi fjárveiting bundin þeim skilyrðum, sem ræðir um í áður nefndu brjefi yðar, að útgerðarmaður gufubáts þess, er ætlaður er til hinna fyrirhuguðu ferða, láti bátinn fara miðferðina, í júní lok eða byrjun júlí, alla leið á milli tjeðra endastöðva en ekki eins og fyrstu ferðina að eins milli Víkur og Eyrarbakka, að öðrum kesti verður landssjóðsstyrkurinn tiltölulega minni eða ekki nema 600 krónur. Svo er hin umgetna styrkveiting þeim skilyrðum bundin, að bátur sá, sem ráðinn verður til þessara ferða, flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöðum, án sjerstaks endurgjalds.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um framfærslustyrk handa þurfaling. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. þ. m., 26. apríl hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi, dagsett 28. desbr. f. á., frá hreppsnefndinni í Eyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu, og annað erindi, dagsett 2. janúar þ. á., frá hreppsnefndinni í Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu, þar sem þær, hvor fyrir sig, áfrýja til mín úrskurði yðar, dagsettum 21. oktr. f. á., um ágreining milli hreppsnefndarinnar í Eyrarhreppi og bæjarstjórnarinnar á Ísafirð öðru megin og hreppsnefndarinnar í Geiradals hreppi öðru megin um kröfur Eyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar á hendur Geiradalshreppi útaf sjúkdómslegu og framfærslu gamalmennisins Halldóru Jónsdóttur, sem viðurkennt hefir verið að sje sveitlæg í hinum síðarnefnda hreppi, og kveður úrskurður yðar svo á, að Geiradalshreppur skuli vera laus við að greiða 12 kr. 80 a., sem hreppsnefndin í Eyrarhreppi hefir gjört tilkall til, en aptur á móti borga allt framlag Ísafjarðarkaupstaðar til framfærslu tjeðs gamalmennis, að upphæð 131 kr. 78 a.

Með því að jeg verð að fallast á ástæður þær, er umgetinn úrskurður yðar er byggður á, að því leyti, er snertir hina umræddu kröfu Ísafjarðarkaupstaðar á hendur Geiradalshreppi, skal úrskurður yðar um endurgjald á ofanefndum 131 kr. 78 a. standa óráskaður. Að því leyti aptur á móti, er snertir kröfu Eyrarhrepps gegn Geiradalshreppi um endurgjald á kostnaði hins fyrnefnda við sjúkdómslegu framannefndrar Halldóru Jónsdóttur vorið 1894 í Eyrarhreppi, þá virðist það vera nægilega sannað með skýrslum, sem fram hafa komið af hálfu Eyrarhrepps, eptir að úrskurður yðar var uppkveðinn, að hinn umræddi þurfalingur hafi þá verið lausakona, og haft ofan af fyrir sjer þá um vorið sem »fanggæzla«, en staðið uppi allslaus og enga aðhjúkrun getað fengið í sjóbúð þeirri, sem hún þá dvaldi í, er hún sýktist af influenza, sem gekk